

Mánudaginn 18. apríl 1966.

Nr. 37/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Erik Ludvig Olsen (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærða var rétt að grennslast um farir Kristjáns Ásgeirssonar um borð í skipinu Ole Sif í umrætt sinn. Ákærði varð samt offari, er hann beitti nefndan Kristján líkamlegu ofbeldi. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða.

Í málinu hefur Kristján Ásgeirsson, Sundlaugavegi 12, Reykjavík, haft uppi þær kröfur, að ákærði verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 43.450.00 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1965 til greiðsludags og kr. 4.945.00 í innheimtulaun.

Nefndur Kristján fór í umrætt sinn um borð í skipið án leyfis og hafði þó áður um nóttina verið vísað úr skipinu. Þykir rétt, að hann beri sjálfur tjón sitt að nokkrum hluta. Er hæfilegt, að ákærði bæti honum það að $\frac{2}{3}$ hlutum.

Ljóst er, að Kristján hefur orðið fyrir nokkru atvinnutjóni vegna meiðsla sinna. Þykir það hæfilega metið kr. 12.000.00. Að því er aðra kröfuliði varðar, má fallast á úrlausn héraðsdóms. Telst því tjón Kristjáns nema kr. 37.450.00, og ber ákærða að bæta $\frac{2}{3}$ hluta þess, eða kr. 24.966.67, með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1965 til greiðsludags. Innheimtulaun verða ekki dæmd af þessu fé, þar sem krafan er höfð uppi í opinberu máli, sbr. 145. gr. laga nr. 82/1961.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Erik Ludvig Olsen, sæti varðhaldi 45 daga, en fullnustu refsingar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði haldið almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Kristjáni Ásgeirssyni kr. 24.966.67 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1965 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Gísli Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. október 1965.

Ár 1965, fimmtudaginn 21. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 4727/1965: Ákærvaldið gegn Erik Ludvig Olsen, sem tekið var til dóms 14. þ. m..

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 5. maí 1965, höfðað gegn ákærða, Erik Ludvig Olsen stýrimanni, Nordvangsgaardsvej 11, Birkerød, Danmörku, fyrir líkamsárás samkvæmt 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 4. marz 1965 á þilfari m/s Ole Sif í Reykjavíkurhöfn slegið til Kristjáns Ásgeirssonar, sem þar var gestkomandi, með hnefahöggum, svo að hann féll við, og síðan sparkað í hann þar liggjandi, m. a. í höfuð hans, en af árás þessari hlaut Kristján brot á tveimur stöðum á neðri kjálka.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 28. júní 1931 í Neksö, Danmörku.

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærði hvorki sætt refsingu né ákæru.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 4. maí s.l. kærði Kristján Ásgeirsson innheimtumaður,

Sundlaugavegi 12, hér í borg, fæddur 26/5 1919, yfir því, að þann 4. marz s. á. hefði ákærði ráðizt á sig um borð í danska skipinu Ole Sif, sem þá lá í Reykjavíkurbörn, með þeim afleiðingum, að hann kjálkabrotnaði.

Nánar skýrði kærandi svo frá málavöxtum hjá rannsóknarlög-reglu, að upp úr miðnætti greinda nótt hefði honum verið gengið um borð í danska skipið Ole Sif, en ákærði vísað honum í land. Kvaðst kærandi hafa hlýtt, en á bryggjunni gefið sig á tal við skipstjóra nefnds skips, sem þar kom að í bifreið. Var kærandi að skemmta sér og undir áhrifum áfengis. Úr varð, að skipstjóri bauð honum til drykkju um borð sem og sambýliskonu hans, er að kom um líkt leyti, en hún var að svipast um eftir kæranda. Þegar setið hafði verið nokkra stund hjá skipstjóra, sagðist kærandi hafa þurft að bregða sér frá til að kasta af sér vatni og í því skyni að hætti gamals sjómanns gengið út að lunningunni sjávar megin. Kom ákærði þar að honum og spurði, hvað hann væri þar að vilja, þar sem honum hefði verið vísað í land áður. Kærandi kvaðst hafa skýrt fyrir ákærða, að hann væri um borð í boði skipstjóra, en engum togum hefði skipt, að ákærði sló kæranda tvö högg með krepptum hnefa beint í andlit, svo að hann féll á dekkið án þess þó að missa meðvitund. Við þennan hávaða komu þau sambýliskona kæranda og skipstjóri út á þilfarið, og sagði kærandi, að ákærði hefði þá verið að sparka í sig, þar sem hann lá á dekkinu. Sambýliskona hans reyndi að stilla til friðar, en ákærði sló til hennar. Einnig gekk skipstjóri á milli, en annað hvort sló ákærði skipstjóra eða stjakaði við honum, þannig að hann lenti á lunningunni og blæddi úr andliti hans. Eftir þessar aðfarir sagði kærandi, að ákærði hefði horfið á brott, en þau hin gengið aftur inn til skipstjóra, og var farið að huga að meiðslum hans. Skömmu síðar fóru þau kærandi og sambýliskona hans heim. Kærandi kvaðst fyrst í stað ekki hafa talið, að hann hefði meiðzt alvarlega af höggum ákærða, en eftir að heim kom, fór hann að finna til mikils sársauka í hökunni og náði í næturlækni, Jón Gunnlaugsson, sem taldi, að hann væri kjálkabrotinn.

Fyrir dómi var framburður kæranda hinn sami og rakinn hefur verið hér að framan að öðru leyti en því, að hann sagðist ekki geta sagt um, hvort hann hefði farið tvær ferðir um borð í skipið, áður en hann hitti skipstjóra, en hann minnti, að þeir hefðu mætt við landgöngubruna, en mundi ekki, hvort sambýliskona hans var þá komin. Kærandi sagði, að þegar hann

gekk frá skipstjóra og út að lunningu, hefði ákærði komið og orðalaust slegið sig í andlit með hnefanum, eitt eða fleiri högg. Meðan kærandi lá á þilfari með hendur fyrir andlitinu, kvað hann ákærða hafa tekið að sparka í höfuð sér og hann þá rekið upp vein eða kallað á hjálp, en við hávaðann komu á vettvang fyrst sambýliskona hans og síðan skipstjórinn. Hljóp konan á milli, og sá kærandi, að ákærði sló til hennar, en ekki gat hann borið um, hvort hann hitti eða hvort hún datt, enda dasaður eftir „höggið“. Þó minnti kæranda, að skipstjóri hefði sagt eitthvað á þá leið: „Ertu vitlaus maður að slá kvenmann“. Ekki gat kærandi sagt um, hvort ákærði hefði barið skipstjóra eða hrint honum, en alblóðugur var hann í andliti á eftir. Kærandi sagði, að umrædda nótt hefði verið mjög hált og sleipt. Þá er kærandi bar vætti í dómi hinn 5. maí s.l., kvaðst hann ekki hafa náð sér eftir meiðslin og vissi ekki, hvort hann yrði nokkurn tíma jafngóður. Kærandi sagðist hafa verið frá starfi í um 1½ mánuð og á meðan hefði sambýliskona hans gegnt þeim starfa, en hann séð um heimilisstörfin.

Sambýliskona kæranda skýrði svo frá, að hún hefði farið í leigubifreið niður að höfn til að leita kæranda, sem horfið hefði að heiman um miðnætti, aðeins hreyfur af víni, en kærandi hafði árum saman starfað á skipum. Konan sá kæranda ganga eftir landgangi í danskt skip og fór á eftir honum um borð í skipið. Heyrði hún hljóðfærslátt, gekk á hljóðið og fann kæranda í klefa hjá mönnum, sem greinilega voru að skemmta sér. Konan bað kæranda að koma heim, og fór hann með henni upp á þilfar, þar sem þau hittu skipstjórann, sem virtist vera að koma úr landi. Að boði skipstjóra fóru þau inn til hans, þar sem kærandi fékk whiskyglas, en konan gosdrykk, enda kvaðst hún ekki hafa bragðað áfengi. Eftir nokkurn tíma þurfti kærandi að bregða sér frá. Skipti þá engum togum, þar til konan heyrði kæranda hljóða upp og heyrði einnig annan hávaða eins og af ryskingum. Snaraðist hún út á þilfar, en stuttur spölur var þangað frá klefa skipstjóra. Ekki mundi hún, hvort þilfarið var ísað, en minnti, að snjóföl hefði verið. Á þilfari var aðkoman sú, að kærandi lá með hendurnar fyrir andlitinu, en ákærði tróð á honum eða var að sparka í hann. Kvaðst konan hafa þrifið til ákærða og spurt á dönsku, hvort hann hygðist drepa manninn. Ansaði ákærði því engu, en sló með hnefanum í vinstri öxl hennar, þannig að hún hrökklaðist út að borðstokk án þess þó að verða meint af. Í þessu kom skipstjórinn og spurði ákærða, hvort hann

væri virkilega að ráðast á kvenmann. Sló eða hrinti ákærði þá skipstjórannum, svo að hann féll á þilfarið og skarst þar á einhverju járn. Eftir þetta hvarf ákærði á brott, en hin þrjú fóru inn til skipstjóra, og kvaðst konan þar hafa haft orð á, að þeir færu á slysavarðstofu og lögregla yrði kvödd á staðinn. Svaraði skipstjóri því svo, að leiðinlegt væri fyrir sig og óheppilegt, yrðu réttarhöld vegna þessa, ef ekki væri nema bólga að kæranda, en hann var þá farinn að bólga upp í andliti. Dvöldust þau nokkra stund hjá skipstjóra, þar eð kærandi var svo illa haldinn, að hann treysti sér ekki strax heim. Konan kvaðst hafa haft orð á því við skipstjóra, að ákærði hlyti að hafa verið drukkinn og skipstjóri svarað, að ákærði væri með of háan blóðþrýsting og ætti til að verða æstur, þótt hann hefði ekki bragðað áfengi. Einnig gat skipstjóri þess, að ákærði væri vanur því „að sunnan“, að um borð kæmi alls konar óþjóðalýður, sem hann hefði tekið hressilega á. Eftir að kærandi og sambýliskona hans komu heim, var náð í næturlækni, sem sagði, að kærandi mundi brotinn á kjálka, sennilega tvíbrotinn.

Skipstjóri hins danska skips skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði komið um borð í skip sitt upp úr miðnætti greint sinn, en kvaðst ekki nánar geta tiltekið tímann. Kom hann frá kunningjafólki sínu, var undir áhrifum áfengis og fór beint til herbergis síns. Ekki kvaðst skipstjóri geta sagt um, hversu löngu seinna kvatt var dyra, og inn komu maður og kona, sem hann þekkti ekkert til. Sagðist skipstjóri hafa boðið þeim veitingar, enda sjálfur verið „í góðri stemningu“. Ekki vissi skipstjóri, hversu lengi þau höfðu setið, er maðurinn þurfti að skreppa út til að kasta af sér vatni, og gekk hann út á þilfar. Heyrði skipstjóri svo einhver læti við dyrnar, fór út og sá, að ákærði stóð yfir gesti hans, sem lá á þilfarinu, og sagði honum að hafa sig í land. Ekki kvaðst skipstjóri hafa séð ákærða sparka í hann. Stóð gesturinn upp, og ýtti ákærði honum í átt að lunningu, en ekki sagðist skipstjóri hafa séð ákærða slá til hans. Skipstjóri kvaðst hafa gengið á milli, en vegna ísingar á þilfari dottið, fallið utan í járnbita og meiðzt á höfði. Á þessu óhappi hefði ákærði enga sök átt, það hefði einungis orsakast af ísingunni. Skipstjóri sagðist vera öruggur um, að ákærði hefði ekki slegið til stúlkunnar, en vera mætti, að hann hefði ýtt henni til hliðar, þegar hún kom út á þilfarið. Skipstjórinn sagðist hafa sagt ákærða, að maðurinn væri sinn gestur, og dvöldust þau maðurinn og konan eftir þetta nokkra stund inni hjá honum,

en fóru síðan frá borði, án þess að hann fylgdi þeim. Á meðan þau voru inni, kvaðst skipstjóri ekki hafa getað heyrt annað á mæli gestsins en ekkert amaði að honum, og ekki mundi hann til, að gesturinn hefði orð á, að ákærði hefði slegið sig, og taldi skipstjóri jafnvel alveg öruggt, að hann mundi hafa munað til þess, ef gesturinn hefði haft á orði, að hann væri eitthvað meiddur.

Fyrir dómi breyttist framburður skipstjóra á ýmsa lund. Hann kvaðst hafa verið alldrukinn, er hann fór frá kunningja sínum og þaðan hefði hann farið mjög seint, en hversu seint, mundi hann nú ekki. Þá taldi hann sig ekki muna, hvort hann hefði hitt „hjónin“ á hafnarbakkanum eða um borð í skipinu. Ekki mundi skipstjóri, hvernig hann komst um borð, en taldi þó frekar, að landgöngubró hefði legið úr skipinu. Skipstjórinn kvaðst hafa heyrt hróp frá þilfarinu, farið þangað og séð kæranda liggja á þilfarinu skammt frá klefadyrum sínum og ákærða standa við hlið hans. Ekki sá skipstjóri ákærða slá eða sparka í kæranda, en eftir að einhver, sem hann mundi ekki hver var, hafði reist kæranda á fætur, sá skipstjóri ákærða hrinda kæranda og heyrði hann segja við hann, að hann ætti að hypja sig í land. Skipstjóri sagðist ekki hafa orðið var við, að ákærði slægi eða hrinti konunni, en tók fram, að þar sem hann og konan hefðu gengið á milli kæranda og ákærða, hefðu hrindingar verið óhjákvæmilegar. Sagði skipstjóri, að í þessum hrindingum hefði ákærði ýtt við sér, þannig að hann féll á þilfarið og slasaðist, en taldi, að ekki hefði verið um ásetningsverk hjá ákærða að ræða og tók fram, að þykkt íslag hefði verið á þilfarinu. Ekki kvaðst skipstjóri muna, hvort atburðirnir á þilfarinu hefðu verið ræddir, eftir að inn til hans var komið, en taldi þó líklegra, að svo hefði verið. Og ekki kvaðst skipstjóri nú muna eftir brottför „hjónanna“ eða hvort hann fylgdi þeim að landgöngubrúnni. Loks tók skipstjóri fram, að þar sem hann í skýrslu rannsóknarlögreglu hefði sagt, að honum hefði ekkert virzt athugavert við kæranda eftir átökin, ætti frekar að orðast: „og að því að ég man sá ég ekki annað en að allt væri í lagi með hann.“

Kunningi skipstjóra, sem hann var að koma frá greint sinn, sagði, að þeir skipstjóri hefðu verið við áfengisneyzlu. Ekki gat vitnið borið um með öryggi, hvenær skipstjóri fór frá því, en taldi það hafa verið milli klukkan 0200—0300 um nóttina og hafi hann þá virzt eitthvað undir áhrifum áfengis, en þó meira þreyttur og svefnvana.

Ákærði skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði staðið vakt um borð í skipinu umrædda nótt. Sagði ákærði, að mikill ágangur hefði verið af fólki úr landi og hann oft þurft að vísa fólki í land, en útvarpstæki hefði verið stolið frá 1. vélstjóra þessa nótt. Ákærði kvað kæranda tvívegis hafa komið um borð þessa nótt og þá farið aftur í land með góðu, en snemma morguns, eða á milli klukkan 0400—0500, að því er ákærði hugði, kom hann í þriðja sinnið. Hafði ákærði þá sett landgöngubrúna niður á bryggju, en kærandi kom úr landi og klifraði yfir lunningu. Tók ákærði sérstaklega fram, að hann hefði séð kæranda klifra um borð, en mjög hátt hefði verið orðið frá landi og um borð. Væri því sú frásögn kæranda röng, að hann hefði verið að koma frá skipstjóra. Ákærði kvaðst hafa beðið kæranda um að hverfa á brott, hann þá spurt, hver hann væri og er ákærði svaraði, að hann væri 1. stýrimaður skipsins, hefði kærandi ekkert sagzt hafa við hann að tala fyrst hann væri ekki skipstjórinn. Síðan sagði ákærði, að kærandi hefði kallað sig „feitt svín“ og hann þá ýtt við kæranda, sem við það féll á þilfarið. Ekki kvaðst ákærði hafa slegið kæranda. Skipstjórinn mun hafa heyrt læti og kom út á þilfarið og með honum einhver kona, sem verið hafði inni hjá honum. Sagði ákærði, að kona þessi hefði komið fyrr um nóttina í leigubifreið að skipshlið, hann þá bannað henni að fara um borð, og vissi hann því ekki, hvernig eða hvenær hún kom um borð í skipið. Ákærði sagði, að konan hefði sparkað í sig og slegið utanundir, en hann ekkert hreyft við henni. Kom konan og kærandi ákærða svo fyrir sjónir sem þau væru ölvuð, en ekkert vildi hann þó fullyrða um ástand þeirra. Ákærði sagði, að skipstjóri hefði verið ölvaður, dottið út á lunningu og við það fengið skurð á enni. Ákærði kvað skipstjóra hafa tekið kæranda í sína umsjá og farið með hann inn til sín. Taldi ákærði útilokað, að kærandi hefði hlotið meiðsl sín af hans völdum, „því er skipstjórinn hafði tekið hann í sína umsjá, hélt hann áfram að kasta svívirðingum í minn garð, og talfæri hans virtust þá í fullkomnu lagi.“

Fyrir dómi tók ákærði fram, að hann væri sá, sem bezt gæti borið um málsatvik, þar sem hin þrjú hefðu verið ölvuð, en sjálfur hefði hann ekki neytt áfengis. Ákærði sagði, að kærandi hefði komið að skipinu og klifrað upp skipshliðina, um 2 metra, þrátt fyrir að honum væri sagt, að hann mætti ekki koma um borð. Kallaði kærandi ákærða „feitt svín“ og „skitna skepnu, mogdyr“. Þegar kærandi sagði þessi skammaryrði, kvaðst ákærði

sennilega hafa ýtt honum „aukalega“, þar sem þolinmæði hans var á þrotum, og féll kærandi við. Tók ákærði fram, að vel mætti vera, að það hefðu verið samverkandi staðreyndir, sem ollu falli kæranda, þ. e. ölvun hans, hálkan og það, að ákærði var að ýta honum. Ákærði neitaði að hafa slegið til kæranda eða sparkað í hann. Ákærði kvað skipstjóra hafa dottið á þilfarið við að aftra konunni frá að sparka og slá og taldi útilokað, að hann hefði hrint skipstjóra. Ákærði taldi mjög ólíklegt, að kærandi hefði kjálkabrotnað um borð í skipinu, enda hefði hann setið að drykkju hjá skipstjóra eftir átökin, en fyrir þau hefði hann ekki dvalizt inni hjá skipstjóranum.

Reynt var að samræma framburði ákærða og kæranda, en hvor um sig hélt fast við sína framburði. Neitaði kærandi því, að hann hefði haft í frammi skammaryrði um ákærða og tók fram í því sambandi, að hann þekkti ekki orðið „mogdyr“ og hefði aldrei heyrt það nefnt.

Í vottorði Björns Gunnlaugssonar læknis, sem dagsett er 10. apríl 1965, segir m. a., að kærandi hafi komið til hans „þ. 4. marz eftir að hafa fengið — að sögn — hnefahögg í andlitið sama dag. Við röntgenskoðun daginn eftir kom í ljós, að hann var tví-kjálkabrotinn á neðri kjálka. Lagði ég hann inn á Landspítalann (handlæknisdeild: Læknir Árni Björnsson) til aðgerðar. Lá hann þar frá 7. 3. til 17. 3. þetta ár. Var alveg ófær til vinnu — sem nú er innheimta — frá 4. 3. til 10. 4. Taka skal fram, að áverki þessi, skurðaðgerðir og eftirmeðferð var afar sársauka-full og framúrskarandi óþægileg. Gera má ráð fyrir, að maðurinn verði lengi að ná sér.“

Í vottorði Árna læknis Björnssonar frá 21. apríl 1965 segir m. a.: „Hinn 8/3 var gert að brotunum og slasaði útskrifaðist af deildinni hinn 17/3 1965 og var þá með vírbenzli, sem lokuðu tanngörðunum. Fjórum vikum eftir slysið voru vírbenzlin tekin. Brotin liggja nú vel, en eru ekki að fullu gróin.“

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, eru framburðir aðilja um málsatvik öll yfirleitt mjög á reiki. Frásögn ákærða um, að kærandi hafi klifrað um borð í skipið þrátt fyrir bann hans fær ekki staðizt, enda staðfesti skipstjóri, að kærandi hefði verið gestkomandi í klefa hans. Gegn neitun ákærða verður ekki talið nægilega sannað, að hann hafi slegið til kæranda með hnefahöggum. Hins vegar telur dómurinn nægilega sannað með eigin framburði ákærða, sem er í samræmi við vætti vitna og önnur gögn málsins, að hann hafi veitst að kæranda með líkam-

legu ofbeldi, þótt hann hefði enga ástæðu til slíks, og með því valdið meiðslum þeim, sem kærandi hlaut, enda ekkert komið fram um, að kærandi hafi orðið fyrir öðru hnjaski, þar til hann leitaði læknis þá samdægurs. Varðar atferli ákærða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hans samkvæmt því ákvæði eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 45 daga, en ákveða þykir mega, að fullnustu refsingar skuli frestað og hún falli niður að liðnum 2 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Kærandi hefur krafizt skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 43.450.00. Sundurliðar kærandi kröfurnar þannig:

1. Atvinnutjón 1½ mánuð	kr. 18.000.00
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 25.000.00
3. Bílkostnaður og lyf	— 450.00

Samtals kr. 43.450.00

Ákærði hefur mótmælt skaðabótakröfunum.

Ad. 1: Kröfuliður þessi er ekki nægilega rökstuddur, og verður hann gegn neitun ákærða ekki tekinn til greina.

Ad. 2: Kröfulið þessum þykir í hóf stillt, og verður hann því dæmdur að fullu.

Ad. 3: Kærandi hefur lagt fram reikninga fyrir lækniskostnaði að fjárhæð kr. 450.00, og verður kröfuliður þessi því til greina tekinn.

Samkvæmt ofanrituðu verður ákærði dæmdur til að greiða kæranda skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 25.450.00 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1965 til greiðsludags, svo sem krafizt er.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Lögreglurannsókn málsins annaðist Leifur Jónsson lögreglu- maður, en Jón A. Ólafsson fulltrúi fór með dómsrannsókn þess.

Dómsorð:

Ákærði, Erik Ludvig Olsen, sæti varðhaldi 45 daga, en fullnustu refsingar skal frestað, og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt

skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Kristjáni Ásgeirssyni, Sundlaugavegi 12, Reykjavík, kr. 25.450.00 með 6% ársvöxtum frá 4. marz 1965 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmans, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. apríl 1966.

Nr. 123/1965. Magnús Haraldsson

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Húsgagnaverzlun Axels Eyjólfssonar

og gagnsök (Einar Viðar hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús P. Torfason.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júlí 1965. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 36.854.35 ásamt 8% ársvöxtum frá 6. maí 1964 til 1. janúar 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 9. september 1965. Hann krefst þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að